

Drög að handleiðsluviðmiðum fyrir þau sem útskrifast frá og með Júní 2024

1. Hverjir geta kallað sig klíníska atferlisfræðinga/Hegðunarfræðinga?

Þau sem eru með meistaraþróf (MSc/MS) í Hagnýtri atferlisgreiningu og hafa lokið a.m.k 500 klukkustunda starfsnámi undir handleiðslu (sjá viðmið um handleiðslu fyrir neðan) innan 5. ára frá námslokum geta kallað sig *klíníska atferlisfræðinga/Hegðunarfræðinga*.

Þau sem ljúka námi í atferlisgreiningu og handleiðslu erlendis þurfa að skila inn staðfestingu um að hafa lokið handleiðslu sem er sambærileg viðmiðum hérlendis.

2. Handleiðsla

Starfsnám undir handleiðslu felur í sér bæði *beina* og *óbeina* vinnu. Nemandi þarf að klára amk. 180 klukkustundir af beinni vinnu sem hluti af fyrstu 500 tímum handleiðslunnar

Bein vinna með skjólstæðingum felur í sér kennslu, þjálfun, íhlutun eða hverskonar mat (*assessment*), út frá aðferðum atferlisgreiningar, sem felur í sér að nemandinn er sjálf/ur með skjólstæðingnum. Þetta getur falið í sér einstaklinga eða hópa.

Nemandi getur líka skráð sem hluta af beinni vinnu þann tíma sem hann er að kynnst ákveðnum skjólstæðingahóp eða vinna með ólíkum fagstéttum. Sá tími má hinsvegar ekki vera meirihluti beinnar vinnu.

Óbein vinna felur í sér undirbúningsvinnu, áætlunargerð, fundi, fræðslu og þjálfun sem tengist skjólstæðingnum. Eftirfarandi atriði falla undir óbeina vinnu.

- a) Þjálfun starfsfólks og umönnunaraðila
- b) Framkvæmd á hegðunarmati
- c) Áhorf og skráningu (t.d. að fylgjast með hegðun hjá skjólstæðingi eða starfsfólks)
- d) Allan undirbúning fyrir vinnu með skjólstæðingi t.d.

1. Setja upp skráningarblöð
2. Skilgreina hegðun
3. Setja upp gögn (línurit)
4. Skrifa einstaklingsáætlun
5. Skrifa upp mat/íhlutun
6. Setja upp gögn í myndrit
7. Æfingar á færni sem nýtast með skjólstæðingi (t.d. hlutverkaleikur þegar nemandi er að æfa sig í að framkvæma virknigreiningu).

e) Fundir

1. Þar sem skjólstæðingar eru viðstaddir
2. Þar sem nemandi er að fá upplýsingar frá aðstandendum (t.d. virknimatsviðtal)
3. Þar sem nemandi sinnir fræðslu (beint tengdri atferlisgreiningu)
4. Þar sem nemandi er virkur þátttakandi í að sýna gögn eða annað sem tengist þeirra vinnu með skjólstæðingnum

f) lestur greina (sem tengjast handleiðslunni/handleiðslustað)

3. Viðmið um handleiðslu

Handleiðsla fer fram í hverjum mánuði sem nemandi er á vettvangi.

1. Handleiðsla fer fram a.m.k. þrisvar í mánuði, þar af
 - a. Amk. eitt áhorf með endurgjöf í mánuði
 - b. Amk einn einstaklings fundur í mánuði (amk. 30 mín)

Allir fundir og áhorf þurfa að tengjast skjólstæðingum sem að nemandinn er með á vettvangi og markmið handleiðslunnar er að þjálfa nemendur í að nýta aðferðir atferlisgreiningar á vettvangi.

Fundir gætu falið í sér að:

- a) Fara yfir gögn
- b) fara yfir atriði á „gátlista“ (T.d. BACB 5th ed task list)
- c) ræða greinar sem tengjast málum
- d) kenna nemanda ákveðnar aðferðir (t.d. role play ofl).
- e) ræða hvernig hugtökin tengjast því sem þau eru að gera

Áhorf með endurgjöf getur falið í sér:

- a) fylgjast með nemanda á vettvangi (beint, rafrænt, eða upptaka) beita ákveðnum aðferðum (t.d. DTT, DI, Dálætismat)
- b) að fylgjast með nemanda stýra fundi/veita fræðslu/veita endurgjöf eða eiga samskipti við kennara/foreldra/aðra og það sem varðar þá klínísku vinnu sem þau sinna.

Handleiðarar þurfa að veita endurgjöf eftir áhorf.

4. Handleiðsla 500-1500 klst .

Til að viðhalda heitinu Klínískur atferlisfræðingur/hegðunarfræðingur þarf að mæta eftirfarandi viðmiðum:

- a) Safna upp í 1500 klst. starfsreynslu undir handleiðslu ekki seinna en ári eftir að viðkomandi hefur fengið leyfi til að skrá sig sem klínískur atferlisfræðingur/hegðunarfræðingur. Ef

aðstæður koma upp sem koma í veg fyrir að nemandi geti lokið handleiðslutímum innan tímamarka, t.d. vegna veikinda eða meðgöngu, þá geta þeir sótt um frest með því að fylla út eyðublað á vefsíðu SATIS.

Handleiðsla **eftir 500 klst** felur í sér amk. einn fund á mánuði og gerð ferilmöppu. Öll vinna, bein og óbein í hverjum mánuði, fellur undir starfsreynslu svo lengi sem einn handleiðslufundur á sér stað mánaðarlega.

5. Leyfi til að skrá sig sem Klínískur atferlisfræðingur/hegðunarfræðingur (eftir að 1500 klst handleiðslu er lokið).

Skila þarf in Ferilmöppu/portfolio til námsmatsnefndar SATÍS sem metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði þess að geta starfað sem klínískur atferlisfræðingur án þess að starfa undir handleiðslu. Ef námsmatsnefnd metur að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði þess að starfa sem klínískur atferlisfræðingur, skal nefndin skýra hvað vantar uppá og gefa umsækjanda tímaramma til að skila inn aftur.

Portfolio/Ferilmappa er skrifleg greinagerð sem þarf að innihalda lýsingu á vinnu með 1- 4 einstaklinga, þar sem gerð er grein fyrir:

- mati á hegðun
- breytingu á hegðun
- inngripi
- helstu hugtökum and lögmálum sem byggt var á og tengsl þess við matið
- hvernig hegðunin var mæld (rök færð fyrir því hvers vegna slík mæling er valin og jafnvel dæmi um skráningarblað)
- mæling á hegðun sett upp í línurit
- gögn túlkuð
- gerð er grein fyrir annmörkum túlkunar á gögnum, (mismunandi rannsóknarsnið)
- siðferðilega spurningar (ethics) tengt vinnu með þeim einstaklingum sem fjallað er um.
- handleiðari/handleiðarar skrifa undir portfolio (ef fleiri en einn handleiðari þá skrifar hver handleiðari undir lýsingu á því máli sem handleiðari tók þátt í)

c) Fara eftir **endurmenntunar viðmiðum** (sjá skjal með **endurmenntunar viðmiðum**)